



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2021

Fullyrðingar Landsbjargar um umhverfisvænni flugelda

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 11. janúar 2021, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga félagsins um umhverfisvænni flugelda sem birtust í áramótablaði Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Í auglýsingunni hafi verið að finna ýmsar fullyrðingar um umhverfisvænni flugelda undir yfirskriftinni „*Öndum léttar – Umhverfisvænni flugeldar*“. Í bréfinu kom fram að Neytendastofa teldi að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kæmu til álita í málinu.

2.

Í svarbréfi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 25. janúar 2021, kom fram að í auglýsingunni séu settar fram staðreyndir um atriði sem félagið hafi breytt og ráðstafanir sem það hafi gripið til í því skyni að gera flugelda sem seldir séu af samtökunum og flugeldasölu umhverfisvænni. Hafi þetta verið markviss stefna Slysavarnarfélagsins Landsbjargar undanfarin ár. Gert verði nánar grein fyrir þeim atriðum í þeirri röð sem þau hafi verið sett fram í umræddri auglýsingu:

- „*Frá 2013 hafa allir innfluttir flugeldar verið CE vottaðir sem tryggir m.a. öruggari flugelda og minni mengun.*“ Um skotelda gildi reglugerð um skotelda nr. 414/2017 sem innleiddi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði, og framkvæmdartilskipun framkvæmdarstjórnarinnar 2014/58/ESB frá 16. apríl 2014 um að koma á fót rekjanleikakerfi fyrir flugeldavörur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins. Þá gildi staðall EN 15947/2015 um skotelda í flokki 1, 2 og 3. Með reglugerðinni hafi verið settar strangari reglur varðandi flugelda svo sem bann á stærri tertur og kröfur um efnisinnihald í flugeldunum þar sem t.d. þungmálmar og mjög mengandi efni hafi verið bönnuð. Til að fá CE vottun á flugelda verði þeir að sjálfsögðu



að uppfylla allar þær kröfur sem settar séu í reglugerðinni, tilskipunum og framangreindum staðli.

- „Óæskileg efni hafa markvisst verið tekin úr flugeldum sem seldir eru hér á landi frá árinu 2013. Þessi efni geta þó mælst sem snefilefni en eru ólíkleg til að valda skaða.“

- „Flugeldarnir sem við seljum eru blýlausir og hafa verið í mörg ár.“

- „Engir hættulegir þungmálmur eru settir í flugeldana sem við seljum (s.s. arsen, kadmín, króm, blý, kvikasilfur eða zirkon).“ Allir flugeldar sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg flytji inn séu CE vottaðir. Sú vottun sé staðfesting á framangreindu.

- „Plast í flugeldasölu hefur minnkað um meira en helming á síðustu 5 árum.“ Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi með skipulögðum hætti minnkað allt plast sem kemur með flugeldum eða eru í umbúðum. Slysavarnarfélagið hafi m.a. verið að vinna með framleiðendum að finna leiðir til að nánast útrýma plasti úr þessum vörum. Fyrir 5 árum hafi t.d. verið 25 gerðir af plastrakettum í vöruúrvali félagsins, nú séu þær 5.

- „Plastpokar eru ekki lengur í boði flugeldamörkuðum okkar.“ Þetta sé auðvitað orðið að lögum í íslensku samfélagi en Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi tekið þessa ákvörðun 2019 og hætti þá að selja/gefa plastpoka á sölustöðum. Í staðinn sé boðið upp á margnotapoka og pappapoka.

- „Notaðir flugeldar brotna að mestu leyti niður í náttúrunni.“ Skotkökur séu að mestu gerðar úr pappa sem brotnar auðveldlega niður í náttúrunni. Rakettur og smávara séu einnig að mestu úr pappa.

- „Sorpgámar fyrir flugeldaúrgang verða staðsettir við helstu sölustaði á nýársdag. Fólk er hvatt til þess að hreinsa strax upp notaða flugelda og fara með í gámana.“ Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi látið setja upp sorpgáma fyrir flugeldaúrgang við helstu sölustaði. Sorpgámarnir séu notaðir fyrir allan flugeldaúrgang óháð því hvort félagið hafi selt flugeldana eða ekki. Þá hafi björgunarsveitarmenn hreinsað upp flugeldaúrgang með skipulögðum hætti á ýmsum stöðum á landinu.

- „Hávaðasömum flugeldum hefur verið fækkað mikið á síðustu 5 árum.“ Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafi minnkað framboð á háværum vinsælum vörum mjög mikið. Ýlutertur séu ekki lengur í sölu sem og tertur sem auðvelt hafi verið að taka í sundur og búa til „kínverja“ sem skapi hávaða og ónæði. Einnig sé Slysavarnarfélagið hætt að selja smávöru í lausu en sú vara geti skapað mikinn hávaða og ónæði utan sölutíma flugelda.

- „Söludögum flugelda á Íslandi hefur fækkað niður í 4 daga í desember.“ Sjá 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017.



- „*Pappi og plast sem fellur til flugeldasölu er flokkaður og endurunninn.*“ Björgunarsveitirnar séu mjög duglegar að flokka plast og pappír enda hægt að selja pappírinn og auka þannig hagnað af flugeldasölum.

- „*Skjótum rötum. Landsmönnum gefst kostur á að kolefnisjafna flugeldakaupin með Rótarskoti sem selt er á öllum flugeldamörkuðum björgunarsveitanna.*“ Rótarskotið hafi verið til sölu í þrjú ár. Rótarskot sé leið til að styrkja sjálfbodastarf björgunarsveitanna og um leið að styðja við skógrækt í landinu. Rótarskot gefi af sér tré sem sé gróðursett í samtarfi við Skógræktarfélag Íslands.

Af framangreindu sé ljóst að allar þær fullyrðingar sem fram komi í auglýsingunni séu réttar og rökstuddar. Umrædd auglýsing sé því fyllilega í samræmi við góða viðskiptahætti og ákvæði laga nr. 57/2005. Í auglýsingunni felist hvorki óréttmætir né villandi viðskiptahættir.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 15. febrúar 2021, kom fram að stofnunin teldi auglýsingu félagsins geta verið til þess fallinn að telja neytendum trú um að þeir flugeldar sem Slysavarnarfélagið selji séu umhverfisvænni en gengur og gerist á markaði. Jafnframt sé myndmerki sem félagið noti til þess fallið að styrkja þá trú neytenda. Í ljósi þess vilji Neytendastofa koma eftirfarandi á framfæri:

- Samkvæmt reglugerð um skotelda nr. 414/2017 sé aðeins heimilt að setja á markað skotelda sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu og séu CE-samræmismerkir, sbr. 1. mgr. 5 .gr. reglugerðarinnar. CE merking sé staðfesting framleiðanda um að skoteldur uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði um öryggi.

- Blý sé efni sem ekki sé leyfilegt í flugeldum. Í 1. kafla (bls. 5.) staðlsins *ÍST EN 15947-5:2015 – Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi* komi fram að staðallinn eigi ekki við um skotelda sem innihaldi blý. Sama eigi við um arsen, kadmín, króm, kvikasilfur og zirkon.

- Óheimilt sé að afhenda burðarpoka án endurgjalds á sölustöðum, sbr. 37. gr. b. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Eins og fram komi í svari Slysavarnarfélagsins Landsbjargar megi rekja fækkun söludaga flugelda til ákvörðunar framkvæmdarvaldsins, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017.

- Samstarf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Skógræktarfélags Íslands varðandi gróðursetningu á trjám leiði ekki til þess að skoteldar sem slíkir séu umhverfisvænni en áður.



4.

Í svarbréfi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 2. mars 2021, mótmælti félagið því að auglýsingin sé til þess fallin að telja neytendum trú um að flugeldar sem samtökin selji séu umhverfissvænni en gengur og gerist á markaði sem og að myndmerkin séu til þess fallin að styrkja þá trú neytenda.

Eins og skýrlega sé gert grein fyrir í inngangi auglýsingarinnar hafi Slysavarnarfélagið Landsbjörg undanfarin ár leitað markvisst að umhverfissvænni leiðum í flugeldasölu og skipt út vörum fyrir betri valkosti. Í dæmaskyni séu svo settar fram nokkrar staðreyndir um flugeldasölu. Hvað hverja og eina þeirra varði sé vísað til bréfs Slysavarnarfélagsins Landsbjargar til Neytendastofu frá 25. janúar sl.

Auglýsingin feli á engan hátt í sér samanburð við vörur annarra söluaðila og enn síður megi draga þá ályktun af auglýsingunni að Slysavarnarfélagið Landsbjörg haldi því fram að söluvörur þess séu umhverfissvænni en gengur og gerist á markaði. Auglýsingin lúti einfaldlega að þeirri staðreynd að félagið hafi undanfarin ár markvisst leitað leiða til að gera flugeldasölu samtakanna umhverfissvænni. Sé auglýsingin ekki á nokkurn hátt villandi né feli hún í sér óréttmæta viðskiptahætti.

Sé því ítrekað að auglýsingin sé fyllilega í samræmi við góða viðskiptahætti og brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.

5.

Með bréfi Neytendastofu til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, dags. 22. mars 2021, tilkynnti stofnunin að gagnaöflun málsins væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar fullyrðingar Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um umhverfissvænni flugelda sem birtust í áramótablaði Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Í auglýsingunni hafi verið að finna ýmsar fullyrðingar um umhverfissvænni flugelda undir yfirskriftinni „*Öndum léttar – Umhverfissvænni flugeldar*“.

Í svörum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar hefur komið fram að í auglýsingunni séu settar fram staðreyndir um atriði sem félagið hafi breytt og ráðstafanir sem gripið hafi verið til í því skyni að gera flugelda sem seldir séu af félaginu umhverfissvænni. Vísar félagið t.a.m. til þess að allir flugeldar séu CE vottaðir, félagið hafi minnkað allt plast sem kemur með flugeldum, látið setja upp sorpgáma fyrir flugeldaúrgang og að félagið hafi minnkað framboð á háværum vinsælum vörum mjög mikið.



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

3.

Í málinu liggur fyrir að Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur markaðssett flugelda sína undir yfirskriftinni „Öndum léttar – Umhverfisvænni flugeldar“ ásamt myndmerki þar sem mynd er



af skopgerðum flugeld á grænum bakgrunni með laufblaði þar sem stendur „Umhverfisvænni flugeldar“. Myndmerkið er ýmist birt eitt og sér eða sem hluti af stærri auglýsingu þar sem undir eru taldar upp nokkrar staðreyndir um flugeldasöluna.

Hvað varðar fullyrðingar um CE vottun sem eigi m.a. að tryggja öruggari flugelda og minni mengun vill Neytendastofa benda á að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um skotelda nr. 414/2017 er aðeins heimilt að setja á markað hér á landi skotelda sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu, bera CE-samræmismerki og framleiddir eru samkvæmt viðeigandi stöðlum. CE merking er staðfesting framleiðanda um að skoteldur uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði um öruggi. Þá er blý efni sem ekki er leyfilegt í flugeldum en í 1. kafla (bls. 5.) staðalsins *ÍST EN 15947-5:2015 – Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi* kemur fram að staðallinn eigi ekki við um skotelda sem innihaldi blý. Sama á við um arsen, kadmín, króm, kvikasilfur og zirkon. Þá er óheimilt að afhenda burðarpoka án endurgjalds á sölustöðum sbr. 37. gr. b. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Loks má rekja fækkun söludaga flugelda til ákvörðunar framkvæmdarvaldsins, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 414/2017.

Þó svo að Neytendastofa fagni þeim aðgerðum sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur gripið til við að minnka umhverfisáhrif flugeldasölu þ.e. að sorpgámar fyrir flugeldaúrgang séu staðsettir við helstu sölustaði, að pappi og plast sem fellur til við flugeldasölu sé flokkaður og enduruninn sem og samstarf félagsins við Skógræktarfélag Íslands varðandi gróðursetningu á trjám, þá leiðir það ekki til þess að flugeldar sem slíkir séu umhverfisvænni en áður. Fullyrðingar félagsins um umhverfisvænni flugelda lúta að atriðum sem annað hvort eru bönnuð samkvæmt lögum eða reglum sem settar eru með stoð í lögum eða þá að þau leiði ekki til þess að flugeldar sem slíkir séu umhverfisvænni en áður. Þá ber að líta til þess að þó svo að talað sé um flugeldasöluna sem slíka að þá fullyrðir yfirskrift auglýsingarinnar sem og myndmerki eitt og sér þess að um umhverfisvænni flugelda sé að ræða. Þó svo að framsetning fullyrðinganna sé með þeim hætti að óráðið sé hvort að Slysavarnarfélagið fullyrði að flugeldar þess séu umhverfisvænni en gengur og gerist á markaði eða hvort þeir séu einfaldlega umhverfisvænni en árin á undan er það mat Neytendastofu að fullyrðingar félagsins um umhverfisvænni flugelda eins og þær eru settar fram og koma til álita í máli þessu séu settar fram með svo afgerandi hætti að þær séu villandi. Það er álit Neytendastofu að það eitt að fylgja lögum, reglum og stöðlum er gilda um flugelda og sölu þeirra leiði ekki til þess að flugeldar sem seldir eru séu umhverfisvænir eða umhverfisvænni, líkt og fullyrðing félagsins kveður á um. Þó svo að þeir geti talist umhverfisvænni en þeir voru áður en lögum og reglum, sem gilda um sölu á flugeldum, var breytt.

Að öllu framangreindu virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi, sem auglýsingarnar beinist að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur því brotið gegn 1. mgr. 8.



gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Slysavarnarfélaginu Landsbjörg að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Skógarhlíð 14, Reykjavík, hefir með birtingu fullyrðinga um umhverfissvænni flugelda brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 11. maí 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir